


Mýrdalshreppur
Ásgeir Magnússon
Austurvegi 17
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2011
Tilvísun: UST20110500119/ksj

Drög að skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps 2009 - 2025

Vísað er til erindis sveitarstjóra Mýrdalshrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps 2009 – 2025.

Mýrdalshreppur hefur ákveðið að endurskoða aðalskipulagsáætlun sína fyrir sveitarfélagið. Forsendur endurskoðunar eru stefnumörkun sveitarfélagsins varðandi atvinnumál og legu þjóðvegar 1 auk greinargerðar um helstu umhverfisáhrif megin ákvarðana um landnotkun. Að öðru leyti eru forsendur skipulags óbreyttar frá gildandi skipulagi.

Umhverfisstofnun setur fram eftirfarandi ábendingar


Stefnumörkun um legu þjóðvegar

Í umfjöllun um stefnumörkun um legu þjóðvegar kemur fram að áherslan verði á ákvörðun um legu Suðurlandsvegar, og að lagður verði fram rökstuðningur fyrir veglínu í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að fjallað verði um kosti sem eru fyrir veglínu Suðurlandsvegar um Mýrdalshrepp, bæði 0-kost, þann kost að endurgera núverandi veg ásamt kostum um nýlagningu Suðurlandsvegar um sveitarfélagið.

Umhverfispættir og gögn

Umhverfisstofnun telur afar brýnt að í umfjöllun um kosti á legu Suðurlandsvegar um Mýrdalshrepp verði litið til þeirra náttúruminja sem eru í Mýrdalnum sem og áhrif á votlendi, en það er eitt af lykilvistgerðum sem stjórnvöld stefna á að verði ekki skert frekar en orðið er, skv. stefnumörkun stjórnvalda til 2020: „*Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.*“.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við drög að skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps.

Virðingarfullst

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun